

129 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minnigasjóð frú Ragnheiðar 4. desbr. Thorarensen frá Móeiðarhvoli«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 4. desember 1915.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð Ragnheiðar Thorarensen Móeiðarhvoli“.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Minningarsjóður frú Ragnheiðar Thorarensen frá Móeiðarhvoli, og er stofnaður árið 1914 með 1000 kr. gjöf frá erfingjum hinnar látnu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar fátækum sjúklingum í Rangárvallasýslu, er leita læknishjálpar á sjúkrahúsi í Rangárhjéraði, sem nú er fyrirhugað að verði bygt á Stórolfshvoli.

3. gr.

Sjóðurinn er gefinn í bankavaxtabrjefum veðdeildar Landsbankans, sem ákveðin eru til útdráttar og innlausnar, en eftir því sem þau verða útdregin, skal innlausnarverð þeirra ávaxta í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Þangað til sjúkrahúsið er sett á stofn skulu allir vextir sjóðsins lagðir við höfuðstól. Að því búnu má úthluta árlega $\frac{2}{3}$ hlutum vaxtanna eftir þeim reglum, er settar eru í 5. gr., en $\frac{1}{3}$ hluta þeirra skal jafnan leggja við innstæðu, og skal svo haldast þar til sjóðurinn nemur kr. 10000,00 en þá skal það á valdi yfirsjórnar sjóðsins að gjöra aðra ákvörðun í þessu efni.

5. gr.

129

4. desbr.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu eða það stjórnarvald, er kæmi í hennar stað, þar sem sjúkrahúsið er, hefir á hendi stjórn sjóðsins, honum að kostnaðarlausu, sjer um geymslu á eignarskilríkjum hans og skjölum og birtir árlega í Stjórnartíðindum landsins yfirlit yfir hag hans og árleg útgjöld. Einnig veitir sama stjórnarvald styrk úr honum, þegar sá tími kemur, eftir tillögum forstöðunefndar sjúkrahússins, þó skal það á valdi sýslunefndar að láta styrkveiting niður falla ár og ár í bili, ef enginn sjúklingur á árinu álist þurfandi fátæktar vegna, og legst þá upphæð sú, er útbýta átti, við höfuðstól.

Engum sjúkling má veita minni upphæð en kr. 20,00.

Nánari reglur um úthlutun styrks getur sýslunefndin sett, er henni þykir ástæða til.

6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konuglegrar staðfestingar.

Efra-Hvoli, 20. mars 1915.

F. h. s. Rvs.

Grímur Sk. Thorarensen. Björgvin Vigfússon. Skúli Skúlason.

Þannig samþykkt af sýslunefnd Rangárvallasýslu á aðalfundi nefndarinnar
23. mars 1915 vottar

Björgvin Vigfússon.